

Borgarstjórn
15. janúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að Reykjavíkurborg gangi að kröfum Starfsgreinasambandsins vegna kjarasamningaviðræða

Lagt er til að Reykjavíkurborg gangi að kröfum samninganefndar Starfsgreinasambands Íslands (SGS) gagnvart atvinnurekendum, í kjarasamningaviðræðum (sjá hér; <http://www.sgs.is/wp-content/uploads/2018/10/Kröfugerð-SGS-gagnvart-SA-2018-birt.pdf>). Þó að þær kröfur beinist að almennum vinnumarkaði er ekkert því til fyrirstöðu að Reykjavíkurborg sýni gott fordæmi í núverandi og komandi kjarasamningaviðræðum og taki undir kröfur SGS og verði við þeim sem atvinnurekandi. Með því styður Reykjavíkurborg sem er stærsti vinnustaður landsins mikilvægar ábendingar verkalyðshreyfingarinnar að úrbótum á vinnustöðum sem koma öllum til gagns. Þá er einnig lagt til að Reykjavíkurborg komi öllum þeim liðum sem hún getur komið á í framkvæmd sem finna má í kröfugerð SGS gagnvart stjórnvöldum í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og hvetji jafnframt ríkið til að verða við þeim kröfum sem þar er beint að ríkinu (sjá hér; <http://www.sgs.is/wp-content/uploads/2018/10/Kröfugerð-SGS-gagnvart-stjórnvöldum-birt.pdf>).